



Fundur háskólaráðs 11. janúar 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 05.01.2007
Dags: 11.01.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

01/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 11. janúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 10.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Þórir Hrafn Gunnarsson (varamaður Sigurrósar Eiðsdóttur) og Þórdís Kristmundsdóttir. Inga Jóna gat þess í upphafi að hún þyrfti að víkja af fundi eftir 45 mín. vegna flugferðar. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Samningur milli menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir.

Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, þróunarstjóri Háskólans og aðstoðarmaður rektors. Rektor gerði ítarlega grein fyrir framlögðum samningi milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir. Samningurinn er til fimm ára, frá 2007 til 2011. Málið var rætt vandlega og svöruðu rektor og Jón Atli framkomnum spurningum.

- Samningur milli menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir samþykktur einróma.

Háskólaráð samþykkti svohljóðandi bókun:

Háskólaráð fagnar undirritun samnings milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir til næstu fimm ára. Samningurinn markar tímamót fyrir Háskóla Íslands og rennir traustum stöðum undir framkvæmd þeirrar metnaðarfullu framtíðarstefnu sem skólinn hefur markað. Með því er náð mikilvægum áfanga að því langtímamarkmiði Háskóla Íslands að komast í hóp fremstu háskóla í heiminum og þar með að styrkja samkeppnishæfni íslensks samfélags til framtíðar.

Háskólaráð fagnar því sérstaklega að á samningstímabilinu verður rannsóknaframlag til skólans stóreflt. Slíkt rannsóknaframlag er forsenda þess að Háskóli Íslands geti dafnað sem háskóli í fremstu röð.

Að lokum þakkar háskólaráð öllum sem komið hafa að samningagerðinni og undirbúningi hennar, bæði af hálfu Háskóla Íslands og stjórnvalda.

1.2 Launalaus leyfi starfsmanna Háskóla Íslands.

a. Umsögn háskólaráðs um beiðni um launalaust leyfi.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Einróma umsögn háskólaráðs að ekki sé unnt að veita Ágústi Einarssyni, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild, leyfi frá störfum í þrjú ár til að gegna starfi rektors Háskólans á Bifröst sem starfar í samkeppni við Háskóla Íslands. Háskólaráð telur að slíkt leyfi myndi hægja á nýliðun og skapa óæskilegt fordæmi innan Háskóla Íslands.

b. Skipun starfshóps.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að semja tillögu að verklagsreglum um launalaus leyfi starfsmanna Háskóla Íslands. Starfshópin skipa þau Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, starfsmannastjóri, Róbert R. Spanó, prófessor í lagadeild, Snorri Þór Sigurðsson, prófessor í raunvísindadeild, og Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í hjúkrunarfræðideild og fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora í háskólaráði.

2. Mál til fróðleiks

2.1 Reglur nr. 1067/2006 um viðurkenningu háskóla á grundvelli 3. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 11.50.